

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2009



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Jón G. Guðbjörnsson
Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson
Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun

Forsíða: *Heiðrikja í Fjallahásal*
Ferðaþjónustubýlið Möðrudalur á Fjöllum

Ljósmyndir: JGG nema annars sé getið
Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir
Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „*veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á björðum.*“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 16. janúar 2013:

Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V-Hún., tilnefnd af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Ólöf Hallgrímsdóttir, Hraunbergi, Mývatnssveit, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Þorsteinn Tómasson, Reykjavík.
Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Svana Halldórsdóttir, Melum, Svarfaðardal.
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Ísafirði.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Þórhildur Þorsteinsdóttir í 80% starfshlutfalli. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

Ríkisendurskoðun / Sigurgeir Bóasson endurskoðaði ársreikning Framleiðnisjóðs 2009.



Stjórn FL að störfum: Ólöf, Sveinn, Kjartan, Gunnar og Guðný.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2009

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt ellefu formlega fundi á árinu 2009. Þar af voru þrír símafundir en alls voru stjórnarfundir nokkru færri en undanfarin ár. Var þessi háttur hafður á í sparnaðarskyni. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Borgarfjörð, Snæfellsnes, Dali og Reykhólasveit og heimsóttu marga aðila sem hafa átt eða eiga samskipti við sjóðinn vegna nýbreytni og atvinnusköpunar. Þessar árlegu ferðir sjóðsstjórnar eru liður í eftirfylgni og aðhaldi af hennar hálfu gagnvart viðskiptavinum sjóðsins en einnig stjórnarmönnum til gagns í þeirra störfum. Þá hafa stjórnarformaður og framkvæmdastjóri farið sérstakar ferðir til þess að ræða við aðila sem höfðu sótt um framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og framkvæmdastjóri fundi og aðra viðburði eftir efnum og ástæðum.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2009 eru sömuleiðis á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnanna.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2009

Stjórn Framleiðnisjóðs fjallaði í upphafi ársins 2009 að venju sinni um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglurnar og fjárhagsáætlun á grundvelli þeirra mótuðu meginsteftnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu. Starfsreglurnar voru þessar:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með fjárframlögum verkefni sem stuðla að nýsköpun atvinnu, aukinni fjölbreytni, hagræðingu og framleiðni í landbúnaði.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Með hliðsjón af þessu býður Framleiðnisjóður á árinu 2009 fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

- a. hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni í þágu landbúnaðar*
- b. nýsköpun atvinnu á bújörðum, samstarfsverkefni bænda og aðra eflingu atvinnu til sveita*
- c. endurmenntun og þekkingarauka í landbúnaði*
- d. markaðsöflun fyrir afurðir landbúnaðar.*

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins. Framleiðnisjóður vill stuðla að virku samstarfi við aðrar stofnanir sem styðja þróun og nýsköpun í sveitum landsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2009

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 193,0 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 158,9 mkr. sem er 1,1 mkr. lægri fjárhæð heldur en samningur stjórnvalda og bænda kveður á um. Fjármunatekjur námu 34,1 mkr. Svo sem fram hefur komið í fyrri ársskýrslum naut Framleiðnisjóður þá ekki fjár úr Fóðursjóði (sbr. 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993) þar sem gjöld til hans höfðu verið felld niður (sjá rg. nr. 508/2006). Og enn hefur Fóðursjóður ekki verið gerður endanlega upp svo vonir dvína um heimtur úr þeim leitum.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 5,5 mkr., en það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2007 og fyrr en hafa ekki verið nýtt. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni að loforð um framlög fyrnast að tveimur árum liðnum sé þeirra ekki vitjað.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og sammingsbundnar greiðslur námu 170,3 mkr. Á árinu 2009 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 20,3 mkr. samanborið við 23,0 mkr. árið 2008 en á því ári var breyting á afskriftareikningi útlána færð til lækkunar á reksturkostnaði úr 23,0 mkr. í 18,7 mkr.. Sjóðurinn er gerður upp með 7,9 mkr. tekjuafgangi samanborið við 1,4 mkr. tekjuhalla árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2009 námu 301,1 mkr.; þar af voru 286,4 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 179,7 mkr. Útlán eru 4,6 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 121,6 mkr. í árslok 2009.

Með árinu 2008 varð sú breyting að Garðávaxtasjóði, sem stjórn Framleiðnisjóðs hafði annast um

árábil, var breytt í samræmi við 75. gr. laga nr. 58/2007 en þar segir: „*Styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.*“ Þessi sameining elfdi mjög eiginfjárstöðu Framleiðnisjóðs sem jafnframt hefur haldið áfram að styðja við megin verkefni Garðávaxtasjóðs sem var varðveisla og framræktun heilbrigðra íslenskra kartöflustofna. Þá voru, að fengnu erindi landbúnaðarráðherra (SJS), veittar 15,0 mkr. af þessu fé til landshlutaverkefna í skógrækt svo fullnusta mætti samninga við garðplöntuframleiðendur.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. Umsóknir og erindi 2009

Á árinu 2009 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 152 aðsend erindi. Af þeim voru 49 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 103 töldust til almennra viðfangsefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 99 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, mun færri en árið á undan. Af þeim voru 37 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 59 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Synjað var 5 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 41 erindi synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins. Auk þess fólu nokkur erindanna ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá er að því að gæta að nokkur erindi voru í vinnslu hjá sjóðnum bæði í upphafi og við lok starfsárs.

Umsóknir til sjóðsins árið 2009 urðu mun færri en næstliðið ár, einkum erindi vegna almennra viðfangsefna. Það ár hafði að vísu orðið umtalverð fjölgun umsókna en líklegt má telja að versnandi efnahagsástand valdi þar nokkru um. Það að fjöldi verkefna sem tengjast atvinnusköpun á bújörðum hélst litlu minni en á fyrra ári má rekja til hvetjandi áhrifa verkefnisins *Vaxtarsprotar* sem nánar verður sagt frá í 8, kafla.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2009. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni: Framleiðnisjóður hefur að venju styrkt rannsókn- og þróunarverkefni af ýmsum toga í töluverðum mæli enda spurn eftir stuðningi við þau mikil. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2009, hvað fjárupphæðir snerti, voru á eftirfarandi verksviðum:

- vegna margháttaðra rannsókna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (12)
- vegna matvælarannsókna tengdum afurðum búfjár og jarðargróða hjá Matís (4)
- vegna nýbreytni í gagnavinnslu og ráðgjöf á sviði nýsköpunar hjá BÍ
- vegna bleikjurannsókna hjá Akvaplan niva
- vegna lungnaveiki í sauðfé og sumarexems og spatts á Keldum og hjá Matvælast.
- vegna seinni hluta afmælisstyrks FL til verkefnisins *Litróf landbúnaðarins*

Rannsókn- og þróunarverkefnin voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 3. töflu hér á eftir, svo og í 13. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Samstarf Framleiðnisjóðs og Rannsóknasjóðs um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar hefur staðið allt frá árinu 1992. Þeim verkefnum, sem stjórn Framleiðnisjóðs, taldi falla að lögbundnu hlutverki hans, hefur fækkað auk þess sem ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs hefur skroppið saman, öndvert við fé Rannsóknasjóðs. Þannig lagði Framleiðnisjóður aðeins fé til fimm framhaldsverkefna í samvinnu við Rannsóknasjóð á árinu 2009 en engra nýrra; sjá 4. töflu.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2009 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum sem fyrr við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,3 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,0 mkr., eru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 66,3 mkr. sem er talsvert lægri fjárhæð en árið á undan (sjá 5. töflu), enda verkefnin nokkru færri sem stuðning hlutu. Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2009

Landshluti	Ferða- búskapur	Tamn. og hestaþjón.	Iðnaður	Heima- vinnsla ¹⁾	Ýmislegt	Alls
Vesturland	3	-	1	-	-	4
Vestfirðir	1	-	-	1	-	2
Norðurland vestra	2	-	1	-	-	3
Norðurland eystra	3	-	1	-	-	4
Austurland	-	-	-	6	1	7
Suðurland	5	5	2	1	1	14
Reykjanes	<u>2</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>1</u>	<u>-</u>	<u>3</u>
SAMTALS	16	5	5	9	2	37
Meðaltal 2001-2008	21	9	5	5	4	44
Samtals 2001-2009	171	77	46	43	37	386 ¹⁾

¹⁾ Ath. að yfirskriftin *Heimavinnsla* stendur fyrir árið 2009 en önnur ár er um þjónustunýbreytni af ýmsum toga að ræða.

Fjöldi verkefna í þessum flokki hefur reynst óreglulegur á milli ára en vænta hefði mátt meiri samdráttar á árinu 2009 heldur en raun varð á. Samanburður við síðasta ár er eigi að síður óhagstæður því árið 2008 hafði í þessu efni nokkra sérstöðu til margra ára litið. Sem fyrr var ferðabúskapur af ýmsu tagi stór hluti studdra umsókna. Þar var um að ræða gisti- og veitingaaðstöðu en líka verkefni á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Verkefni sem varða sérhæfða aðstöðu til hrossatamninga og tengdrar þjónustu voru til muna færri en jafnan á undanförunum árum þegar mikill vöxtur hefur verið í markvissri hrossarækt landsmanna. Margir þeirra sem hafa tamningar að atvinnu bjóða upp á hestaferðir að sumri til. Hins vegar er áframhaldandi vöxtur í heimavinnslu búsafurða sem virðist vera eitt helsta nýbreytnisviðið í sveitum þessi misserin.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóði starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs. Stjórn Framleiðnisjóðs leggur framtakinu fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um sjóðinn er í 8. kafla ársskýrslunnar. Ber hún með sér að spurn eftir stuðningi vegna endurmenntunar var áþekk og þó ívið meiri á árinu 2009 en næstliðið ár.

Að venju bauð Framleiðnisjóður fram sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum og endurmenntunar starfandi bænda en eftirspurn reyndist til muna minni heldur en jafnan áður. Á árinu 2009 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs einungis námsstyrki til tveggja nemenda í framhaldsnámi í búvísindum auk eins styrks til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur). Þá studdi Framleiðnisjóður nokkur verkefni í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna á árinu.

Samstarf við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem formlega var stofnað til í árslok 2006 með verkefninu *Vaxtarsprotar*, hélt áfram árið 2009. Til framkvæmdar sjálfu verkefninu varði sjóðurinn að sínum hluta 4,5 mkr. til jafns við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Jón G. Guðbjörnsson er fulltrúi FL í stjórn verkefnisins ásamt Berglind Hallgrímsdóttur framkvæmdastjóra Impru. Sérstök árgreinarerð er um verkefnið í 8. kafla ársskýrslunnar.



Kornhlaða og kornþurrkunaraðstaða bænda í Eyjahreppi

d) Markaðsöflun

Á árinu 2009 varð stuðningur Framleiðnisjóðs til markaðsverkefna smærri í sniðum en oftast áður. Í heild var stuðningur við verkefni sem flokkast undir markaðsöflun aðeins um þriðjungur þess sem var á fyrra ári eða sem nam 4,2 mkr. Er það í samræmi við þá megin stefnu sjóðsstjórnar í þessu efni sem öðrum að styðja við frumframtak og nýmæli en ekki að styrkir sjóðsins séu bundnir einstökum verkefnum til langframa.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Umsóknir bárust um stuðning við ýmsan annan atvinnurekstur á landsbyggðinni en getið er í b-lið þessa kafla. Var þar bæði um að ræða afþreyingarverkefni innan ferðaþjónustu sem og hefðbundnari framleiðslufyrirtæki, sjá 3. töflu, (B3).

f) Kynningarmál

Framleiðnisjóður hefur ekki staðið fyrir viðamiklu kynningarstarfi á starfsemi sinni gegnum árin. Þó minnr hann á tilveru sína með reglubundum hætti í Bændablaðinu auk einstakra auglýsinga. Einnig hefur stjórn sjóðsins gert rækilega grein fyrir störfum sínum og úthlutunum með reglulegri útgáfu ársskýrslu í meira en 20 ár eða frá árinu 1987. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans.

8. Af sérstökum verkefnum FL

a) Vaxtarsprotar - Samstarfsverkefni Framleiðnisjóðs og Impru

Framleiðnisjóður og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu áfram samstarfi sínum um verkefnið *Vaxtarsprotar* á árinu 2009. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið fór af stað í upphafi ársins 2007 á Suðurlandi og í Húnaþingi og á Ströndum, en kom til framkvæmdar í Þingeyjarsýslum, Dalabyggð og Reykhólahreppi á árinu 2008. Á árinu 2009 voru haldin námskeið á Austurlandi á vormisseri og í Skagafirði á haustmisseri. Gert er ráð fyrir að framhald verði á öðrum svæðum á næstu misserum. Elín Aradóttir, starfsmaður Impru á Akureyri, sem hefur verið verkefnisstjóri Vaxtarsprotar frá upphafi, fór í fæðingarorlof um mitt ár en við tók Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir starfsmaður Impru á Ísafirði.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit og vinnur hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmynda. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjámöguleikar hafa verið kynntir. Framkvæmd verkefnisins á árinu 2009 var að venju í samvinnu við búnaðarsambönd og atvinnuþróunarfélög á viðkomandi svæðum.

Líkt og fyrr reyndist mikill áhugi fyrir verkefninu en af fenginni reynslu má þó ætla haustin séu síðri tími fyrir svo yfirgripsmikil námskeið sem Vaxtarsprotar eru; að mörgum henti illa að hefja þátttöku í miðjum haustönnum til sveita. Skoða þarf hvort ekki henti betur að skipta á milli haust- og vormisseris síðar en um áramót. Aðsókn var sámileg á námskeið og aðra

viðburði á vegum verkefnisins. Rúmlega 30 manns luku námskeiðunum og fleiri nýttu sér hluta þeirra, auk einstaklingsbundinnar leiðsagnar. Mörgum þeirra atvinnuskapandi verkefna sem þátttakendur hafa unnið að hefur þegar verið ýtt úr vör en önnur eru enn á undirbúningsstigi. Má vel merkja það í umsóknaflóru til Framleiðnisjóðs. Ennfremur hafa margir forsvarsmenn starfandi fyrirtækja nýtt sér Vaxtarsprotaverkefnið til frekari framþróunar á sinni starfsemi.

Sú venja hefur skapast að ljúka Vaxtarsprotaverkefninu á hverju svæði með veglegri uppskeruhátíð. Þó varð að ráði að fresta uppskeruhátíð í Skagafirði til vors og eiga þá samleið með Eyfirðingum en þar verða haldin Vaxtarsprotanámskeið á vormisseri 2010. Markmið þessara hátíða er að skapa formlega umgjörð um lok verkefnisins, að hefja vinnu þátttakenda til vegs og virðingar og vekja athygli á viðfangsefnum þeirra.



Þátttakendur í verkefninu Vaxtarsprotar á Egilsstöðum við brautskráningu vorið 2009

b) Afmælisstyrkur FL

Í tilefni fjörutíu ára starfsafmælis í árslok 2006 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs að bjóða styrki til rannsókna á völdum verksviðum landbúnaðar og var efnt til samkeppni um þá, (sjá ársskýrslu FL fyrir árið 2007 bls. 9-10). Hlutskaðpast varð verkefnið *Litróf landbúnaðarins og forsendur fjölbreyttrar atvinnu í sveitum* frá land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands. Hlaut það ársstyrk, 5,0 mkr. á árinu 2007. Stuðningur síðara ársins skyldi ráðast af framvindu verkefnisins og var hann veittur á árinu 2009, aðrar 5,0 mkr. Rannsóknarhópurinn, sem verkefnið annast, hefur reglulega gert stjórn Framleiðnisjóðs grein fyrir gangi verkefnisins á fundum og skilað áfangaskýrslum. Verkefninu lauk með opinberri kynningu niðurstaðna þess á Fræðapingi landbúnaðarins á útmánuðum en einnig á sérstöku málþingi í september og útgáfu skýrslu undir heitinu *Litróf búskapar og byggða*. Skýrslan er aðgengileg á slóðinni www.fl.is.

c) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/

landbunadur/wgbi.nsf/key2/bosn6tld3c.html Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Ásdísar Kristinsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2009 bárust alls 255 umsóknir (237 árið 2008) er þannig skiptust eftir búgreinum:

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2009 skipt eftir búgreinum

<i>Búgrein</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Búgrein</i>	<i>Fjöldi</i>
Alifuglarækt	0 (3)	Sauðfjarrækt	106 (144)
Ferðaþjónusta	0 (1)	Skógrækt	9 (9)
Hrossarækt	35 (15)	Svínarækt	0 (1)
Loðdýrarækt	2 (0)	Ylrækt og matjurtir	0 (1)
Nautgriparækt	99 (58)	Óflokkað	3 (0)
Nýsköpun og hlunnindanýting	1 (5)		

Árið 2009 veitti Starfsmenntasjóður 212 styrki að upphæð 3.337.000 kr. Nokkrar umsóknir eru í úrvinnslu. Styrkjafjárhæðir hækkuðu um 50% frá fyrra ári og nemur hámarksstyrkur nú kr. 33.000. Heildarráðstöfun sjóðsins frá upphafi nemur 12,2 mkr. og veittir styrkir alls 907.

Eins og áður, þó einsleitara sé en á fyrra ári, endurspeglar viðfangsefni umsækjenda fjölbreytileika landbúnaðarins, markaðan námsframboði, þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt.



Matjurtanámskeið á vegum endurmenntunardeildar LbhÍ. Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir.

9. Í eftirleitum

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2009 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi einnig halda fram með rökum að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspeгла vilja umsækjenda til atvinnueflingar og nýsköpunar. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Þeim mun mikilvægara er að vandað sé til undirbúnings því eitt er að fá hugmynd; annað er að gera sér grein fyrir hvort hún sé raunhæf og framkvæmanleg. Er þá enn og aftur ástæða til að vekja athygli á *Vaxtarsprotum* – samvinnuverkefni Framleiðnisjóðs og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem einmitt þjónar þeim tilgangi að leiðbeina fólki við að leggja mat á hugmyndir sínar og möguleika til þess að hrinda þeim í framkvæmd en einnig að vekja fólk til umhugsunar um nýja eða aðra möguleika. Í þessu efni þarf þó að varast að túlka nýsköpunarhugtakið of þröngt því það getur fælt frá.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er nýsköpunar- og þróunarsjóður atvinnuvegarins. Megin hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins fer til atvinnunýsköpunar og til rannsókna og þróunar. Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar og með stuðningi við slík viðfangsefni er líklegast að Framleiðnisjóður ræki hlutverk sitt sem framleiðnisjóður. Sumt er gott að vita en annað er nauðsynlegt (að fá) að vita. Þegar af takmörkuðu fé er að taka er mikilvægt að skerpa skilin þar á milli. Við þær aðstæður hlýtur það að vera áhyggjuefni að ráðstöfunarfé sjóðsins skreppur saman bæði að krónutölu og raungildi svo um munar síðustu misserin. Það er vandalítið að kalla eftir úrbótum í þessu efni en ítrekað skal hér mikilvægi þess, sem áður hefur verið bent á á þessum vettvangi og víðar, að það fé sem landbúnaðarinn hefur til umráða í þessu skyni nýtist sem best. Án rannsókna hægir á nýsköpun og framþróun. Höfum við ráð á því?

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakkar öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2009.



Stóriðja í Miklaholtshreppi. Þorskhousapurkun að Miðhrauni II. Frumeining starfseminnar er aflagður minkaskáli.

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra framleiðni og hagræðingarverkefna á árinu 2009. Framlöggin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl.	Verkefni	Upphæð
Rannsókn- og þróunarverkefni:			
Listaháskóli Íslands	A2	Stefnumót bænda og hönnuða (framh)	2.000.000
Samband ísl. loðdýrabænda	A1	Innflutningur á erfðæfni til minkaræktar	3.500.000
Ásgerði II ehf.	A2	Aukinn meltanleiki og nýting á íslensku byggi.	350.000
Hólaskóli	A2	Fóðurmatskerfi fyrir íslensk hross (framhald)	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	SkógVatn (framhald)	1.000.000
Veiðimálastofnun	A2	Áhrif landsela á lax -og silungsveiði í völdum ám.	1.000.000
Háskóli Íslands	A2	Litróf landbúnaðarins. 40 ára afmælisstyrkur (s. hl.)	5.000.000
Hólalax hf.	A2	Áhrif flutnings til slátrunar á gæði bleikju	1.000.000
Akvaplan niva á Íslandi	A2	Skilgreining á kjörelisaðstæðum í bleikjueldi	2.000.000
Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri	A2	Hagræn áhrif skotveiða sem viðskiptatækifæri	1.000.000
Bændasamtök Íslands	A2	VasaFjávís þróun, hugbúnaðar	1.000.000
Matvælastofnun	A2	Mat á fyrstu stigum slitgigtar/spatts í íslenskum hestum	1.500.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknarstöð	A2	Trjáskemmdir af völdum ertuyglu	1.000.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknarstöð	A2	Trjákyndótaverkefnið Betri Tré, asparblendingar	800.000
Mátis ohf	A2	Matkorn, ísl. bygg í heildarkornnotkun til manneldis	1.500.000
Mátis ohf	A2	Bragðmunur lambakjöts og beitarhagar	2.000.000
Mátis ohf	A2	Verðmæti úr hliðarafurðum slátrunar- og kjötvinnslu	1.000.000
Mátis ohf	A2	Vöruþróun á loftþurrkuðu lambakjöti	1.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Sumarexem í íslenskum hestum	8.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Orsök lungnaveiki í sauðfé í N-Þingeyjarsýslu	1.000.000
Háskóli Íslands	A2	Næringartengdar forvarnir norrænnar fæðu	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Erfðabreytileiki asparryðs á Íslandi. (framhald)	600.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Velferð mjólkurkúa í lausag.fjósum á Íslandi. (Framh)	2.800.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Áburðarsvörun í túnum með mislanga ræktunarsógu	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum	2.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Markvissar áburðarleiðbeiningar (framhaldd)	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Smárablöndur og áhrif N áburðar (framhald)	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Niturbúskapur hvítmáratúna (framhald)	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Kortlag. á vaxtarsv. teg. og yrkja í túnrækt (framh)	1.300.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Kornrækt og kynbætur (framhald)	2.200.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Landbætur á sandsvæðum	800.000
Samband garðyrkjubænda	A2	Rannsókn á hagknæmni garðyrkju	400.000
			55.750.000
Stofnrækt kartaflna:			
Samband garðyrkjubænda	G	Stofnræktun E-stofns	875.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	G	Heilbrigði kartöfluútsæðis	3.440.000
			4.315.000
Samfjármögnun með Rannís:			
Rannsóknamiðstöð Íslands	A3	sjá 4. töflu	5.700.000
			5.700.000
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum	B1	sjá 5. töflu	66.345.000
			66.345.000
Önnur verkefni á vegum bænda:			
Búnaðarsamband Austurlands	B2	Heimafóður, könnun á hagkv. heykögglaframleiðslu	300.000
Ólafur Ingólfsson	B2	Spónaframleiðsla úr grisjunarvið	2.000.000
Sigrún Elíasdóttir	B2	Innflutningur á ullarkaninum	300.000
			2.600.000

Fyrirtæki í dreifbýli:			-
Ólafsdalsfélagið	B3	Endurreisn Ólafsdals í Dölum	1.000.000
Eldisvörr ehf	B3	Bleikjusmyrja, framleiðsla á viðbiti	1.800.000
Landbúnaðarsafn Íslands	B3	Gestamóttaka og frumpjónusturými safnsins	4.000.000
Öggur ehf	B3	Öggur-belikjueldi í Hjaltadal	<u>1.000.000</u>
			7.800.000
Endurmenntun:			
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Nýsköpunarverkefni námsmanna	1.000.000
Landssamband fiskeldisstöðva	C	Samnorræn ráðst. á Íslandi um eldi ferskvatnsfiska	250.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	C	Vaxtasprotar; hvatningarverkefni Impru og Framl.sj.	2.448.000
Bændasamtök Íslands	C	Nýsköpunarráðgjöf til sveita	2.300.000
Margrét Jónsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	200.000
Fríðrik Már Sigurðsson	C	Framhaldsnám í búvísindum (PhD)	600.000
Þórunn Pétursdóttir	C	Framhaldsnám í búvísindum (PhD)	600.000
Félag atvinnumanna við refa/minkaveiðar	C	Kennslumynddiskur	<u>200.000</u>
			7598.000
Markaðsmál:			
Eigenda- og ræktunarfél. landnámsheimsna	D	Samskiptanet	150.000
Landssamband hestamanna	D	Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Sviss	2.000.000
Glófi ehf.	D	Glófi ehf	1.000.000
Beint frá býli	D	Kynningarverkefni vegna heimavinnslu afurða	1.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Opinn landbúnaður	<u>1.000.000</u>
			5.150.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	G	Landhlutaverkefni í skógrækt v/plöntuframleiðenda	<u>15.000.000</u>
			15.000.000

Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2009 kr. 170.258.000

4. tafla. Framlög sem Rannsóknasjóður Rannís (RÍ) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu sameiginlega til rannsókn- og þróunarverkefna á árinu 2009 sbr. 3. töflu. Öll verkefni eru framhaldsverkefni á lokaári. Tölur í þúsundum króna.

Nafn ábyrgðarmanns:	Stofnun:	Verkefni:	RÍ	FL
Áslaug Helgadóttir	Lbhí	Erfðafjölbreytileiki í hvítmára af ólíkum uppruna	650	550
Bjarnheiður Guðmundsdóttir	Tilraunast.Keldum	Sameindalíffræði AsaP1 úteiturs	3.296	1.000
Vilhjálmur Svansson.	Tilraunast.Keldum	Gammaherpesveirur sem bólusetningarferjur í hestum	1.396	1.350
Valgerður Andrésdóttir.	Tilraunast.Keldum	Taugasækni mæði-visnuveirunnar	1.500	1.500
Þorvaldur Árnason.	Lbhí	Sambætt mat kynbóta og keppniseiginleika ísl. hesta	1.300	1.300
			8.142	5.700

5. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-eflingar og þróunar á bújörðum 2009, sjá 7. kafla b hér að framan og sbr. 3. töflu. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis og ekki kemur allt til framkvæmda sem ætlað er. Upphæðir eru í krónum.


Guðrún Sigurðardóttir	Minna-Mosfell	Kjós	Ferðapjónusta, gistaðstaða	2.050.000
Ferðapjónustan Hjalla ehf.	Hjalli	Kjós	Ferðapjónusta, móttöku- og veitingaaðstaða	2.000.000
Eyjabú ehf.	Eyjar II	Kjós	Heimavinnsla / -sala afurða, ostagerð	1.300.000
K. Hulda Guðmundsdóttir	Fitjar	Borg	Vinnsla trjáviðar úr Fitjaskógi	815.000
Marteinn Njálsson	Suður-Bár	Snæf	Golfvöllur og æfingavæði	900.000
Agnar Gestsson	Lýsuhóll	Snæf	Ferðapjónusta, sumarhús	2.300.000
Ferðapjónustan Fjaran ehf.	Kolviðarnes II	Snæf	Ferðapjónusta, sumarhús	2.300.000
Tómas Sigurgeirsson	Mávátún	A-Barð	Nýting og vinnsla selaafurða	2.300.000
Guðjón Bjarnason	Hænuvík	V-Barð	Ferðapjónusta viðbætur við fyrri aðstöðu	1.150.000
Linda Björk Ævarsdóttir	Steinnýjarstaðir	A-Hún	Ferðapjónusta, veitingaaðstaða	1.400.000
Helga Ingimarsdóttir	Hafnir	A-Hún	Framleiðsla á dúnsængum	1.050.000
Vésteinn Vésteinnsson	Hofstaðarsel	Skag	Ferðapjónusta, gistaðstaða	2.300.000
Vilborg G. Þórðardóttir	Ytra-Laugarland	Eyj.	Ferðapjónusta, gistaðstaða	1.150.000
Jón Bergur Arason	Þverá II	Eyj.	Kornþurrkunarstöð	1.150.000
Gloppa ehf.	Engimýri	Eyj.	Skotveiði og ferðapjónusta	750.000
Lífsmótun ses.	Hjalli	S-Þing	Ferðapjónusta tjaldsvæði og þjónustuhús	1.500.000
Þorsteinn Snædal	Skjöldólfsstaðir	N-Múl	Heimavinnsla / -sala afurða	2.130.000
Guðfinna H. Árnadóttir	Straumi	S-Múl	Heimavinnsla / -sala afurða	2.300.000
Guðmundur V. Gunnarsson	Lindarbrekka II	S-Múl	Heimavinnsla / -sala afurða	1.050.000
Jónína Zóphóníasdóttir	Mýrar	S-Múl	Jurtagarðurinn smyrsl úr villtum jurtum	700.000
Egilsstaðabúið ehf.	Egilsstaðir I	S-Múl	Heimavinnsla / -sala afurða og gestamóttaka	2.300.000
Eiríkur Egilsson	Seljavellir	A-Skaft	Heimavinnsla / -sala afurða	2.100.000
Helgi Ragnarsson	Akurnes	A-Skaft	Heimavinnsla afurða, sauðamjaltir	2.150.000
Bergur Elíasson	Pétursey II	V-Skaft	Ferðapjónusta, sumarhús	2.300.000
Geilar ehf.	Seglbúðir	V-Skaft	Heimavinnsla / -sala afurða	2.300.000
Gísli Sveinsson	Miðás	Rang	Tamningaaðstaða, nýbyli	2.000.000
Skeiðvellir ehf.	Skeiðvellir	Rang	Tamningaaðstaða, reiðkennsla, nýbyli	2.000.000
Guðmundur G. Magnússon	Steinahlíð	Rang	Iðnaðstaða, framl. á þilskífum úr ísl. lerki	2.000.000
Jóhann Geir Frímannsson	Moldnúpur	Rang	Anna á Moldnúpi <i>Fjósakona fer út í heim</i>	500.000
Vindhestar ehf.	Bali I-II	Rang	Ferðapjónusta, gistaðstaða	2.300.000
Viðar Bjarnason	Ásólfskáli	Rang	Smíða- og viðgerðaverkstæði	2.000.000
Ásgeir Árnason	Stóra-Mörk III	Rang	Ferðapjónusta, sumarhús	2.300.000
Björn Kjartansson	Hvammi I	Rang	Ferðapjónusta, veitingaaðstaða í gróðurhúsi	2.300.000
IB-Fasteignir ehf.	Hólaborg	Árn	Sjúkra- og þreppjálfunarmiðstöð fyrir hross	2.300.000
Skeiðholt ehf.	Vatnsholt II	Árn	Tamningaaðstaða, reiðskóli, sumardvöl barna	2.300.000
Lifandi búháttaföfn ehf.	Gamla Hraun II	Árn	Lifandi búháttaföfn	2.300.000
Sigurður Torfi Sigurðsson	Stokkseyrarsel	Árn	Járningaskóli	2.300.000

66.345.000

6. tafla. Á árabílinu frá 1987 til 2009 hefur Framleiðnisjóður tekið við 1462 umsóknum um stuðning við búháttabreytingar og atvinnunýsköpun á bújörðum. Af þeim hafa 1113 eða liðlega $\frac{3}{4}$ þeirra hlotið afgreiðslu með fyrirheiti um fjárstuðning sem alls nemur 1124 milljónum króna yfir fyrrgreint tímabil. Á upphafsári nam hámarksstyrkur kr. 500 þús. með vísun til reglugerðar nr. 406/1986 en á árinu 2009 kr. 2.300 þús. en þó aldrei meira en 30% af stofnkostnaði framkvæmda. Þar af leiðir að hlutur framkvæmdabónða er aldrei minni en 70% og oftast meiri. Því er ekki óvarlega ályktað að hlutur framkvæmdaaðila sjálfs sé minnst fimmfaldur og því létt að leiða að því rök að framlag sjóðsins hafi dugað til nokkurs. Í könnun sem gerð var fyrir all nokkrum árum kom í ljós að um 8 af hverjum 10 verkefnum sem hlotið höfðu stuðning voru við lýði fimm árum eftir að til þeirra var stofnað. Upphæðir hafa ekki verið framreiknaðar með tilliti til verðlagsþróunar.

Stuðningur við búháttabreytingar og atvinnunýsköpun á bújörðum 1987-2009

Viðfangsefni	Fjöldi	Samt. mkr.
Loðdýrarækt	135	76,0
Kanínurækt	13	7,6
Fiskeldi	41	33,0
Hlunnindanýting	74	51,5
Ferðabjónusta	426	508,6
Hestatengd verkefni	172	187,9
Iðnaðar- og handverksaðstaða	93	80,1
Smávirðjanir	35	36,0
Heimavinnsla afurða	24	38,0
Önnur nýsköpun á bújörðum	100	105,4
Alls bújarðaverkefni bænda	1.113	1.124,1
Önnur / félagsleg verkefni á vegum bænda	194	635,9



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2009

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri
311 Borgarnes
kt. 590986-1789

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	19
Áritun endurskoðenda	20
Rekstrarreikningur	21
Efnahagsreikningur	22
Sjóðstreymi	23
Skýringar	24-28

Staðfesting ársreiknings


Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu 2009 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 7,9 m.kr. Eignir samtals eru 301,0 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 179,4 m.kr. og eigið fé 121,6 m.kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2010


í stjórn




Kjartan Ólafsson,
formaður.




Gunnar Sæmundsson.




Sveinn Ingvarsson.



Guðný Helga Björnsdóttir.




Ólöf Hallgrímsdóttir.



Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Jón Bjarnason
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reiknings*skilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 23. febrúar 2010



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2009

Framlög	Skýr.	2009	2008
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi		158.900.000	160.000.000
Fengin framlög		<u>158.900.000</u>	<u>160.000.000</u>
Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf	11	7.598.000	10.589.000
Samfjármögnun með Rannís		5.700.000	7.050.000
Rannsóknar- og þróunarverkefni	12	60.065.000	72.453.000
Markaðsmál og vöruþróun	13	5.150.000	16.317.000
Fyrirtæki í dreifbýli	14	7.800.000	12.000.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda	15	68.945.000	96.467.000
Landshlutaverkefni í skógrækt	20	15.000.000	0
Fyrnd framlög	16	(5.522.125)	(28.163.763)
Veitt framlög		<u>164.735.875</u>	<u>186.712.237</u>
Fengin framlög umfram veitt		(5.835.875)	(26.712.237)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		34.090.477	43.968.331
		<u>34.090.477</u>	<u>43.968.331</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	17	15.633.075	17.072.172
Annar rekstrarkostnaður	18	4.674.549	5.932.207
Breyting á afskriftareikningi útlána	7	0	(4.305.617)
		<u>20.307.624</u>	<u>18.698.762</u>
Tekjuafgangur/-halli ársins		<u>7.946.978</u>	<u>(1.442.668)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum		<u>286.379.723</u>	<u>255.385.018</u>
Útlán			
Útlán	6	16.621.835	17.983.484
Afskriftasjóður útlána	7	(12.000.000)	(12.000.000)
		<u>4.621.835</u>	<u>5.983.484</u>
Eignarhluti í félögum			
Hlutabréf	19	<u>10.000.000</u>	<u>10.000.000</u>
Eignir alls		<u><u>301.001.558</u></u>	<u><u>271.368.502</u></u>
Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög	9	147.474.921	153.864.148
Umsýslufé	10	31.045.134	2.946.123
Ýmsar skammtímaskuldir		842.331	866.037
		<u>179.362.386</u>	<u>157.676.308</u>
		Skuldir	
Eigið fé:			
Eigið fé	8	121.639.172	113.692.194
		<u>121.639.172</u>	<u>113.692.194</u>
		Eigið fé	
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>301.001.558</u></u>	<u><u>271.368.502</u></u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur		7.946.978	(1.442.668)
Veltufé frá rekstri		<u>7.946.978</u>	<u>(1.442.668)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar eignir, (hækkun) lækkun		0	77.400.000
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		21.686.078	(40.893.704)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>21.686.078</u>	<u>36.506.296</u>
Handbært fé frá rekstri		29.633.056	35.063.628
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán		1.361.649	6.601.135
Skuldabréf		0	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>1.361.649</u>	<u>6.601.135</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Höfuðstóll frá Garðávaxtasjóði		0	61.158.374
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		30.994.705	102.823.137
Handbært fé í ársbyrjun		<u>255.385.018</u>	<u>152.561.881</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>286.379.723</u>	<u>255.385.018</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánnum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 2 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða verðtryggt útlán með vöxtum og í öðru lagi óverðtryggt útlán með vöxtum.

	Eftirstöðvar 31.12. 2009
Verðtryggt útlán með vöxtum	9.163.520
Óverðtryggt útlán með vöxtum	7.458.315
Útlán samtals	<u>16.621.835</u>

7. Afskriftareikningur

Afskriftareikningur er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi. Engin hreyfing var á árinu.

Skýringar

Eigið fé

8. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	113.692.194
Tekjuafgangur ársins	<u>7.946.978</u>
Eigið fé í árslok	<u>121.639.172</u>

9. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2009 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2007 og fyrr	24.735.223
Framlög samþykkt á árinu 2008	47.696.767
Framlög samþykkt á árinu 2009	<u>75.042.931</u>
Samtals	<u>147.474.921</u>

10. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Í árslok er óráðstafað kr. 31.045.134

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

11. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

	2009	2008
Styrkir til framhaldsnáms	1.200.000	2.500.000
Starfsmenntunarstyrkir	200.000	750.000
Atvinnu og nýsköpunarráðgjöf	2.300.000	0
Frumkvöðlafræðsla	2.448.000	5.219.000
Ráðstefnur	250.000	0
Ýmis fræðsla og ráðgjöf	<u>1.200.000</u>	<u>2.120.000</u>
	<u>7.598.000</u>	<u>10.589.000</u>

Skýringar

12. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna lækka um 12,4 m. kr. milli ára sem er 17,1% lækkun.

	2009	2008
Erfða- og líffræðirannsóknir	8.500.000	0
Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurrannsóknir	9.800.000	5.700.000
Beitar- og fódurrannsóknir	0	800.000
Kornrækt og kornkynbætur	2.200.000	2.000.000
Stofnrækt kartaflna	4.315.000	4.070.000
40 ára afmælisrannsóknaverkefni	5.000.000	0
Matvælarannsóknir	7.500.000	5.800.000
Bútækni, þróunarverkefni	0	1.500.000
Fiskirækt og hlunnindanýting	5.000.000	4.650.000
Skógrækt og landgræðsla	3.200.000	2.000.000
Garðyrkja	0	3.975.000
Nautgriparækt	2.800.000	9.158.000
Sauðfjárrækt	1.000.000	0
Svínarækt	0	15.000.000
Hrossarækt	3.500.000	3.000.000
Loðdýrarækt, önnur verkefni	3.850.000	3.500.000
Forritapróun	1.000.000	6.000.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni	2.400.000	5.300.000
	<u>60.065.000</u>	<u>72.453.000</u>

13. Markaðs- og vöruþróun

Framlög til markaðs- og vöruþróunar lækka um 11,2 m.kr.milli ára sem er 69,4% lækkun.

Bí upplýsinga- og kynningarmál	1.000.000	2.267.000
Matur og matarmenning	0	2.500.000
Vegna hrossa og hrossaafurða	2.000.000	0
Vegna fiskeldis	0	2.500.000
Vegna sauðfjárafurða	1.000.000	1.000.000
Bændamarkaðir og heimasala	1.000.000	3.650.000
Landbúnaðarsýningin á Hellu	0	2.000.000
Ýmis markaðs- og kynningarmál	150.000	1.400.000
Handverk og hönnun	0	1.000.000
	<u>5.150.000</u>	<u>16.317.000</u>

Skýringar

14. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk lækka um 4,2 m.kr. milli ára sem er 35,0 % lækkun

	2009	2008
Vegna ferðaþjónustu	0	9.000.000
Vegna bleikjuverkefna	2.800.000	0
Vegna annarra fyrirtækja	5.000.000	3.000.000
	<u>7.800.000</u>	<u>12.000.000</u>

15. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefni á vegum bænda lækka um 27,5 m.kr milli ára eða um 28,5%. Hámarksframlag til einstakra verkefna er 2,3 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

Ferðaþjónusta	30.615.000	25.800.000
Tamningaaðstaða	8.600.000	24.465.000
Smávirkanir og hitaveitur	0	4.000.000
Fiskeldisaðstaða	0	3.000.000
Önnur verkefni	5.450.000	13.652.000
Iðn- og handverksaðstaða	2.000.000	1.600.000
Hlunnindaverkefni	4.050.000	0
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða	15.630.000	11.450.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	2.600.000	12.500.000
	<u>68.945.000</u>	<u>96.467.000</u>

16. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2007 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins fyrnast loforð um framlög á tveimur árum.

17. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður lækkar um 8,4% milli ára.

Stjórnarlaun	5.148.360	5.238.000
Laun	8.077.926	9.376.615
Launatengd gjöld	2.406.789	2.457.557
	<u>15.633.075</u>	<u>17.072.172</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 10,6 millj.kr. á árinu 2009.

Skýringar

18. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 1,3 m.kr. milli ára sem er 21,2% lækkun.

	2009	2008
Ferða- og fundakostnaður	1.992.546	1.943.866
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	955.926	1.189.579
Endurskoðun og gerð ársreiknings	350.350	569.400
Lögfræðikostnaður	(187.957)	886.259
Húsnæðiskostnaður	1.397.694	1.317.687
Gjaldfærður búnaður	165.990	25.416
	<u>4.674.549</u>	<u>5.932.207</u>

19. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 m.kr. Nafnverð hlutarins er 1 m.kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 1,063%.

20. Landshlutaverkefni í skógrækt

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fór þess á leit við stjórn Framleiðnisjóðs að sjóðurinn veitti 15 m.kr. til fimm landshlutaverkefna í skógrækt til þess að gera þeim kleyft að fullnusta samninga við trjáplöntuframleiðendur og greiða fyrir gróðursetningu plantnanna. Ráðuneytið lagði sömu fjárhæð á móti.